

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Haustönn 2015

PRJ 103 Prjón. Valáfangi.

Undanfari: Enginn

Kennari: Harpa Hreinsdóttir

Markmið:

- Að nemandi læri undirstöðuatriði í prjóni;
- Að nemandi geti prjónað með mismunandi (vinnu)aðferðum;
- Að nemandi geti prjónað flík eftir uppskrift;
- Að nemandi geti útfært hugmyndir sem hann fær yfir í prjónaða flík/hlut.

Kennsluhættir: Kynnt eru tæki og efni sem unnið er með í prjóni og nemendur velja sér síðan verkefni til að vinna að. Gert er ráð fyrir talsverðri heimavinnu og að unnið sé jafnt og þétt alla önnina. Í áfanganum er símat og lokaeinkunn er afhent síðasta kennsludag annarinnar. Ekki verður gefinn frestur til skila eftir að kennslu lýkur.

Námsefni: Aðallega er stuðst við efni sem finna má á Netinu. **Nemendur eru hvattir til að fylgjast vel með eftirtöldum síðum:**

- * Heimasíðu áfangans, <http://harpahreins.weebly.com>.
- * Pinterest síðu áfangans, <http://www.pinterest.com/prjon103/>
- * Facebook-hóp áfangans sem heitir [PRJ103H15](#).

* Uppskriftablöð og bækur er hægt að skoða á bókasafni skólans en þau eru ekki lánuð út.

Verkefni:

Til viðmiðunar er reiknað með að hver nemandi prjóni trefil, húfu og vettlinga/sokka. Í stað trefils má prjóna háls skjól eða sjal, í stað húfu má prjóna eyrnaband/eyrnabönd, í stað vettlinga eða sokka má prjóna handstúkur, legghlífar, inniskó o.s.fr. Ekki skiptir máli hvort þetta er prjónað á börn eða fullorðna. Vilji nemandi prjóna eitthvað annað er hægt að semja um það.

Námsmat byggir á iðni, vinnubrögðum og framförum. Fyrir að prjóna þessar þrjár flíkur sem nefndar voru að ofan eða ígildi þeirra fæst einkunnin 5,0. Gefin er einkunn fyrir vinnubrögð á skalanum 6 og 7. Umtalsverðar framfarir á önninni verða metnar til 1,0 í einkunn. Til að fá einkunnina 9 eða 10 þurfa vinnubrögð að vera mjög góð, framfarir miklar og eitthvað prjónað til viðbótar við það sem nefnt var áður.

Efniskostnaður: Nemendur bera sjálfir efniskostnað, þ.e. kostnað af garni, prjónum o.þ.h.